

### Skref til breytinga í Ceara (Norðaustur-Brasilíu)

1. Árið 1986 lifðu tveir þriðju íbúa héraðsins Ceara undir fátækramörkum. 28 prósent af börnum voru vannærð og mörg þeirra dóu áður en þau náðu eins árs aldri.
2. Árið 1986 ákvað nýkjörin ríkisstjórn að gera könnun á heilbrigðisástandi barna í Ceara og komst að því að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða til þess að breyta ástandinu.
3. Ríkisstjórnin ákvað að nauðsynlegast væri að veita fyrst af öllu heilbrigðisþjónustu og upplýsingar til þeirra sem þörfuðust þess mest.
4. Ríkisstjórnin bað sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar, fyrirtæki og kirkjur að dreifa upplýsingum um heilbrigðismál eins og næringu, bólusetningar og aðferðir til þess að verjast sýkingum.
5. Viðbrögð kaþólsku kirkjunnar voru sérstaklega sterk. Kirkjan útvegaði þúsundir sjálfboðaliða til þess að veita upplýsingar um heilsuvernd til fátækustu svæðanna.
6. Þegar fleira fólk hafði fengið upplýsingar um heilsuvernd þjálfaði ríkið þúsundir tekjulágra kvenna í undirstöðuatriðum heilsuverndar.
7. Færustu konurnar fengu aukþjálfun sem heilbrigðisstarfsmenn í samfélaginu. Þær fengu stöður víðsvegar um héraðið og ber hver þeirra nú ábyrgð á þörfum 100 fjölskyldna.
8. Í dag hefur vannæring og ungbarnadauði í Ceara minnkað um þriðjung. Bólusetningar hafa aukist um 40%.

## Skref til breytinga í Líbanon

1. Árið 1989, eftir langt stríð í Líbanon, var svo komið að börn af mismunandi menningar- og trúarhópum voru algjörlega aðskilin hver frá öðrum og höfðu engin samskipti sín á milli. Þau bjuggu í aðskildum hverfum og gengu sitt í hvern skólann.
2. Vegna þess að ungt fólk í Líbanon var hrætt og fullt grunsemda í garð hvert annars ákváðu fulltrúar UNICEF í Líbanon að reyna að ná þeim saman með því að setja á stofn Friðarsumarbúðir.
3. Í fyrstu var ungt fólk sem hafði reynslu í sumarbúða- eða skátastarfi þjálfað til þess að verða leiðtogar. Það lærði hvernig mögulegt væri að hjálpa börnum til þess að kynnst hvert öðru, læra hvert af öðru og verða vinir.
4. Þegar þjálfun leiðtoganna var lokið voru Friðarsumarbúðirnar fyrir börn af mismunandi menningar- og trúarhópum opnaðar í júlí 1989.
5. Börnin mættu nú í sumarbúðirnar með rútum. UNICEF sá til þess að þau færu í gegnum margar öryggis skoðanir.
6. Þegar börnin komu í sumarbúðirnar voru sum þeirra hrædd við að vera í kringum þá sem voru ólíkir þeim sjálfum. En eftir að hafa búið saman, unnið saman og leikið saman eignuðust margir nána vini.
7. Vegna árangurs Friðarsumarbúðanna hafa aðrar stofnanir ákveðið að opna svipaðar sumarbúðir.
8. Á tíu árum sóttu tugir þúsunda líbanska barna Friðarsumarbúðirnar og unnu þannig sigur á hræðslu og fordómum í garð ólíkra hópa. UNICEF hefur nú haldið áfram vinnu sinni í Líbanon og útbúið námsefni um frið og mannréttindi fyrir grunnskólana þar.

### Skref til breytinga í Honiara (Salómon eyjunum)

1. Fyrir nokkrum árum fannst fólkinu sem bjó í höfuðborginni Honiara laun sín ekki nægja til þess að geta keypt ferskan mat líkan þeim sem þau voru vön úr sveitinni. Vannæring hjá börnum jókst og sjúkdómar sem stöfuðu af vannæringu urðu algengari hjá fullorðnum.
2. Helen Paton læknir, sem vann hjá bæjarráðinu, fékk miklar áhyggjur af þessari auknu vannæringu hjá fólki.
3. Með hjálp nokkurra hjúkrunarfræðinga og annarra áhugasamra einstaklinga úr nágrenninu kom Helen Paton á fót matjurtaklúbbi til þess að aðstoða borgarbúa við að rækta sitt eigið grænmeti.
4. Hinn nýi matjurtaklúbbur fékk stuðning frá bæjarráðinu sem gaf þeim land nálægt miðborginni.
5. Með þessu viðbótar landsvæði gat klúbburinn tekið inn nýja meðlimi. Þau byrjuðu að auglýsa með hjálp útvarps, veggspjalda, dreifirita og söngvakeppni.
6. Auglýsingaherferðin hvatti margar konur til þess að ganga í klúbbinn. UNICEF var beðið að sjá um kennslu í næringu, garðrækt, sáðskiptum og endurvinnslu úrgangs.
7. Sumar konur sem hafa verið meðlimir í matjurtaklúbbnum í nokkur ár og hafa fengið kennslu í næringarfræði og matjurtarækt hafa flutt aftur í þorp sín í sveitinni. Þar hafa þær getað kennt íbúunum bættar leiðir í matjurtarækt.
8. Tilfellingum vannæringar í Honiara hefur fækkað og foreldrar geta nú gefið börnum sínum næringarríkan mat sem fjölskyldan hefur sjálf ræktað.